

6LE007563A

IS

# Fjölvirkur tímarofi
# Tveggja rása Bluetooth®
# Fjögurra rása Bluetooth®

Viðbótarupplýsingar eru fáanlegar með því að skanna QR-kóðann.

Bluetooth® orðmerkið og lógó eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og öll notkun slíkra merkja af Hager er samkvæmt leyfi. Önnur vörumerki og vöruheiti eru eign viðkomandi eigenda þeirra

Hager Mood

Fáanlegt í Google play

Fáanlegt í App Store

# EGN200, EGN400

## Kynning á búnaði

EGN200 og EGN400 tímarofarnir eru klukkur með vikulegri og árlegri forritun sem stjórnar mismunandi álagi á sjálfvirkan hátt.
Dæmi um notkun: Götulýsing, ljósaskilti, verslunargluggar, minnismerki, o.s.frv. Hægt er að stilla hina innbyggt sólúr til að breyta álaginu eftir tíma sólseturs og sólarupprásar.
EGN200 og EGN400 rofarnir eru einnig samhæfir við Hager Quicklink vörulínuna.
Tenging EEN002 / EEN003 ljósnema (valfrjálst) gerir það mögulegt að breyta álaginu eftir birtustigi.
Ráðlagt er að framkvæma forritun í gegnum Bluetooth® tækni með grunnstillingarforritinu (iOS eða Android) sem hægt er að sækja gjaldfrjálst.

## Helstu eiginleikar

- Tæki afhent með uppfærðum tíma og degi (GMT+1).
- Forritun með grunnstillingarforritinu í gegnum Bluetooth® eða staðbundin forritun (fyrir utan árlega).
- Skjár með baklýsingu.
- Sjálfvirk sumartímabreyting.
- Sólúr.
- Forritun eftir dögum eða dagahópum.
- 200 eða 400 forritunarskref (eftir útgáfu) On (á), Off (af), púlsar ⎍.
- Varanleg inngrip On (á) eða Off (af).
- Tímabundin inngrip On (á) eða Off (af).
- Undantekningar (tímabundnar, varanlegar eða seinkaðar) er hægt að virkja með fjartengingu með því að ýta á hnapp.
- Súlurit sem sýnir daglegt mynstur fyrir 2 eða 4 rásir (eftir útgáfu).
- Forritunarlegur þegar slökkt í gegnum skjáinn (með takmarkaðri virkni).
- Ljósnæm stýring í gegnum EEN002 eða EEN003 fasttengdan ljósnema.

**Skjáir og takkar**




**Mynd 1:** Sýnir skjávarann og heimaskjáinn

## Raflagnateikning

- Tæki skal aðeins vera uppsett af viðurkenndum rafvirkja.
- Áður en ljósnemi er tengdur, eða áður en framkvæmdar eru nokkrar aðgerðir á honum skal rjúfa 230 V fæðispennuna til klukkunnar.




**Mynd 2:** EGN200 raflagnateikning (2 úttök)




**Mynd 3:** EGN400 raflagnateikning (4 úttök)

## Tæknilýsing

**Rafmagnsupplýsingar**

- Fæðispenna: 230 V~ +10/-15% og 240 V~ ± 6%
- Rafnetstíðni: 50/60 Hz
- Orkunotkun: EGN200 < 350 mW / EGN400 < 500 mW
- Úttak: 2 eða 4 víxlsnertur (eftir útgáfunni).
- Hámarks rofgeta: AC1 μ 16A 230 V~
- Glóðarperur, aflliði með snertu: venjulega opna / 2300 W_venjulega lokaða / 1500 W
- Halógenperur: 230 V~ 2300 W
- Flúrperur, með jöfnun // (hámark 45 μF), aflliði með snertu: venjulega opna / 400 W_venjulega lokaða / 300 W
- Flúrperur, án jöfnunar, raðtengijöfnun: 1000 W
- Lítil flúrljós og LED-ljós, aflliði með snertu: venjulega opna / 400 W_venjulega lokaða / 300 W
- Lágmarks rofgeta: AC1 100 mA 230 V~
- Málhöggspenna: 4 kV
- Hámarks skiptihraði við fullt álag: 6 skiptilotur/mínútu

**Aðgerðaeiginleikar**

- Forritunargeta: 200 eða 400 skref eftir gerðinni
- Lágm.tími milli tveggja skrefa: Ein mínúta
- Notkunarnákvæmni: ±0,25 s/dag
- Tækið skiptir í viðbragðsstöðu (slökkt á skjá) eftir eina mínútu með engri rafspennu eða óvirkni. Það fer aftur í sjálfvirka stillingu þegar rafmagn er aftur komið á eða þegar ýtt er á takka.
- Bluetooth® tíðnisvið: 2,4 - 2,483 GHz
  - Hámarkssendistyrkur: 10 mW
  - Drægni: 10 m í opnu rými
  - Útgáfa: 4.2
- Kröfur fyrir snjalltæki/tölvu
  - iOS útgáfa jöfn eða hærri en 8
  - Android útgáfa jöfn eða hærri en 5.1
  - Windows útgáfa jöfn eða hærri en 10
  - Bluetooth®: Útgáfa jöfn eða hærri en 4.2
- Quicklink fjarskiptatíðni: 868 - 870 MHz
  - Hámarkssendistyrkur: 25 mW
  - Móttakari flokkur 2
  - Drægni: 100 m í opnu rými
- Einangrunarflokkur: 2
- Aðgerðategund: 2B
- Hugbúnaðarflokkur: Flokkur A
- Hitastig kúluprófs: 75 °C
- Stærð varbúnaðar: 16 A sjálfvar
- Uppgefin spenna og straumur fyrir prófun á rafsegulsamhæfi: 230 V~ / - 0,5 A
- Verndarflokkur: IP20 (hylki), IP30 (hylki undir framhlíf)
- Höggþol: IK04

**Rafhlaða**

- Varaaflgjafi: 10 ár
- Óútskiptanleg og óendurhlaðanleg

**Hylki**

- Mælivíddir EGN200: 36 mm / 2 einingar
- Mælivíddir EGN400: 72 mm / 4 einingar
- Sjálfstætt ísett DIN-rekka tæki samkvæmt EN 60715

**Umhverfi**

- Vinnsluhitastig -5 °C til +45 °C
- Geymsluhitastig -25 °C til +70 °C
- Rakastig: 95 % við 20°C
- Mengunarflokkur 2

**Tenging með skrúfutengi**

- Einþætt 0,2 til 4 $mm^2$
- Fínþætt 0,2 til 2,5 $mm^2$
- Skrúfutegund: PH1

## Uppsetning

**Með grunnstillingarforritinu**

Ef forritið er notað til að grunnstilla klukkuna skal setja upp eins og lýst að neðan.

1. Fáðu beinan aðgang að niðurhalstengli forritsins með því að skanna **QR-kóðann**, sem prentaður er á klukkuna og í leiðbeiningarnar.
2. Settu upp grunnstillingarforritið.
3. Athugaðu að Bluetooth® sé virkt (sjá kaflann **Stillingar / BLUETOOTH**).
4. Paraðu snjalltækið við klukkuna í gegnum Bluetooth® forritið.
5. Forritaðu tækið í gegnum grunnstillingarforritið. Til að gera þetta skaltu fara eftir leiðbeiningum forritsins til að grunnstilla klukkuna.

**Með staðbundna forritunarviðmótinu**

Við upphaflega uppsetningu skal stilla eftirfarandi:

- tungumál;
- ár, mánuð, dag;
- klukkustund og mínútur;
- sumartímabreytingu.

Ýttu á takka ▲/▼ til að færa inn nauðsynlegar stillingar á skjánum.
Ýttu á takkann **ok** (í lagi) til að staðfesta.
Þegar lokið hefur verið við stillingarnar skiptir klukkan yfir í sjálfvirka stillingu.

## Handvirkar skipanir

Ýttu tvisvar á einn af tökkunum fjórum úr til að virkja bakljósið og skipta síðan yfir í heimaskjáinn. Birtu skjámyndina með handvirkum stýringum með því að ýta á takkann **ok** (í lagi).
Ýttu tvisvar á einn af tökkunum fjórum úr skjávaranum til að virkja bakljósið og skipta síðan yfir í heimaskjáinn. Birtu skjámyndina með handvirkum stýringum með því að ýta á og halda inni takkanum **ok** (í lagi).




Öll forritun og stillingar byggjast á eftirfarandi meginreglu:

- Takkar ▲/▼ eru notaðir til að fara á milli úttaka A, B, C og D (eftir útgáfu).
- ýttu endurtekið stutt á takkann OK (í lagi) til að birta hina ýmsu valkosti fyrir handvirka stýringu fyrir valið úttak.




**Mynd 4:** sýnir skjámynd handvirkrar stýringar.

Takkann ← er hægt að nota til að fara tilbaka í heimaskjáinn hvenær sem er.

Valkostir handvirku stýringarinnar tiltækar fyrir hvert úttak (A, B, C og D) eru:
- ⏲: Undantekning þegar úttakið er ON (á) eða OFF (af) með tilliti til núverandi skipunar. Farið er tilbaka í sjálfvirka stillingu í næsta forritsskrefi.
- 🔑: Inngrip þegar úttakið er ON (á) eða OFF (af) (varanleg skipun). Inngripið þvingar úttak þegar í ON (á) eða OFF (af) stöðu. Ekki er tekið tillit til neinna annarra skipana (ON, OFF, tímastillir, púls eða undantekning) ef inngrip er virkt. Aðrar skipanir eru aðeins aftur heimilar ef hætt er við inngripið eða með handvirkri skipun í gegnum stýringar framhliðar.
- ✋: Handvirkt þegar úttak er ON (á) eða OFF (af) (skipun í hæsta forgangi og aðeins tiltæk ef tækið hefur þessa hnappa).

**Forgangur:** Handvirk stilling > Inngrip > Undantekning.

## Endurstilla

Það er mögulegt að endurstilla Bluetooth® og **fjarskiptaeiningarnar** sjálfstætt eða **breyta tilbaka í verksmiðju stillingar**.
Endurstilling er aðgengileg í gegnum:
- grunnstillingarforrit;
- staðbundið á klukkunni, fyrir frekari upplýsingar, skal sjá **Settings / Reset** (stillingar / endurstilling) (tiltækt í heildaruppsetningarleiðbeiningunum).

## Valmynd

Ef forritun var framkvæmd í gegnum grunnstillingarforritið þá er ekki hægt að breyta tímabilinu (árleg lota) frá valmyndarglugganum.

Ýttu tvisvar á einn af tökkunum fjórum úr skjávaranum til að virkja bakljósið og skipta svo yfir í heimaskjáinn.
Ýttu og haltu takkanum **ok** (í lagi) til að skoða valmyndina **Programs / Settings** (forrit/ stillingar).
Öll forritun og stillingar byggjast á eftirfarandi meginreglu:
- takkar ▲/▼ eru notaðir til að fara um valmyndir og setja inn stillingar;
- takkinn **ok** (í lagi) er notaður til að staðfesta.

Takkann  er hægt að nota til að fara tilbaka í síðasta valþrep hvenær sem er.




## Forrit

Til að opna forritin:




### SKRIFA / BREYTA FORRITI

Það er mögulegt að búa til allt að 10 eða 20 forrit (eftir útgáfu).
Til að búa til forrit:
- Veldu aðgerðina **+ Add** (bæta við);
- Breyttu forritinu.




Skilgreindu síðan vikulegt forrit. Til að gera þetta:
- Forritaðu valið á viðkomandi úttaki (eða úttökum).




Ýttu á takkann **ok** (í lagi) eftir að valið er OK (í lagi) til að fara aftur til valmyndarinnar **Change** (breyta).

- Í atvikalistanum, búðu til fyrsta forritunarskrefið með því að velja **+ Add** (bæta við), síðan:
  - skilgreindu tegund aðgerðar sem tengist forritunarskrefinu,
  - skilgreindu virkni sem tengist forritunarskrefinu,
  - veldur dag (eða daga) vikunnar sem tengjast forritunarskrefinu.




Hægt er að bæta allt að 40 forritsskrefum við hvert forrit.

### TAKKALÁS

Þessi aðgerð er notuð til að læsa lyklaborði klukkunnar. Hana má nálgast í gegnum grunnstillingarforritið eða staðbundið með tökkunum **ok** (í lagi) og ←.
- Til að virkja þessa aðgerð staðbundið skaltu ýta samtímis á takkana **ok** (í lagi) og ← (> 3 s) þar til 🔒 táknið er sýnt (2 s).

Notandinn opnar aðeins heimaskjáinn og skoðar núverandi forrit og stöðu úttakanna.

- Til að afvirkja þessa aðgerð staðbundið skaltu ýta samtímis á takkana **ok** (í lagi) og ← (> 3 s) þar til 🔓 táknið er sýnt (2 s).

Notandinn getur opnað allar skjámyndirnar.

## Stillingar

Til að opna stillingar:




Valmyndin **Settings** (stillingar) veitir aðgang að eftirfarandi stillingum:




### BLUETOOTH

Virkjun Bluetooth®

Virkjaðu Bluetooth® aðgerðina ef uppsetningarforritið er notað til að forrita klukkuna.




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og takkann ← til að fara aftur í valmyndina **Settings** (stillingar).

### DAGSETNING - TÍMI

Stilla tíma og dag




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta og fara aftur í valmyndina **Settings** (stillingar).

### TUNGUMÁL

Veldu æskilegt tungumál úr eftirfarandi tungumálum: FRANSKA, ÞÝSKA, ENSKA, HOLLENSKA, PORTÚGALSKA, SPÆNSKA, ÍTALSKA, GRÍSKA, SÆNSKA.




Ýttu á **ok** (í lagi) til að staðfesta tungumálið og fara aftur í valmyndina **Settings** (stillingar).

- Þegar notað er meira álag en 10 A þá verður að nota kapal sem er 2,5 mm².
- Hentar ekki til stýringar á SELV álagi (álag undir 50V AC RMS).

Hager Controls lýsa hér með yfir að þessir EGN200 og EGN400 tímarofar og fjarskiptabúnaður samræmist nauðsynlegum kröfum og öðrum viðeigandi ákvæðum tilskipunar 2014/53/ESB.
EU-yfirlýsinguna má finna á: **www.hager.com**



**Hvernig farga skal tækinu** (Rafmagns- og rafeindabúnaðarúrgangur). (Gildir í Evrópusambandinu og öðrum Evrópuríkjum með aðskildum söfnunarkerfum). Þetta tákn á tækinu eða skjölum þess gefur til kynna því skuli ekki farga við lok endingartíma síns með öðrum heimilisúrgangi. Þar sem eftirlitslaus förgun úrgangs getur verið skaðleg fyrir umhverfið eða heilsu manna skal aðskilja hann frá öðrum tegundum úrgangs og endurvinna á ábyrgan hátt. Þetta gerir kleift að endurnýja efnislegar auðlindir á sjálfbæran hátt. Einstaklingar geta haft samband við dreifingaraðilann sem seldi tækið eða gert fyrirspurn til bæjarfirvalda um hvar og hvernig þeir geti fargað þessu tæki þannig að það sé endurunnið á umhverfisvænan hátt. Fyrirtæki geta haft samband við birgja sína til að fá upplýsingar um skilyrði sölusamnings þeirra. Ekki skal blanda þessari vöru við förgun annars verslunarúrgangs.

Má nota hvar sem er í Evrópu CE og Sviss